

Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2008





Tilgangur

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hefur meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.

Hlutverk

Líf – Brunamálastofnun gegnir lykilhlutverki við umbætur á sviði brunavarna og gegnir að lögum frumkvæðishlutverki við samræmingu þeirra krafta sem að brunavörnum starfa.

Heilsa – Stofnunin gegnir forvarnahlutverki gagnvart almenningi. Hún stundar öflugt forvarnastarf með það að leiðarljósi að draga úr tíðni bruna, tjónatíðni og alvarleika tjóna og draga þannig úr líkum á heilsutjóni.

Umhverfi – Brunamálastofnun gegnir stjórnsýsluhlutverki við öflun og miðlun þekkingar á sviði viðbragða við mengunaróhöppum á landi. Í því felst að hafa yfirumsjón með setningu reglna, leiðbeininga og samræmingu vinnubragða þannig að slökkvilið bregðist á virkan hátt við mengunaróhöppum.

Eignir – Verðmæti eigna í samfélaginu eykst árlega og Brunamálastofnun gegnir stóru hlutverki í þeirri keðju sem ver eignir landsmanna fyrir tjóni. Verðmæti og gæði íbúðarhúsnæðis hafa aukist en mikil verðmætaaukning felst í sífellt flóknara atvinnuhúsnæði þar sem mikilvæg framleiðslutæki og atvinna manna eru í húfi.

Leiðarljós

Að sinna þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluhlutverki sínu gagnvart stjórnvöldum, slökkviliðum, byggingaríðnaði, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum þannig að líf, heilsa, umhverfi og eignir séu varin.

Að styðja aðra aðila í samfélaginu við framkvæmd laga og reglugerða sem lúta að brunavörnum.

Að sjá til þess að á hverjum tíma sé til þekking og reynsla hjá stofnuninni sem nýtist til ráðgjafar á sviði brunavarna og til kennslu og þjálfunar slökkviliðsmanna.

Að mæta með fullnægjandi hætti öllum eðlilegum kröfum um góða stjórnsýslu og rétta framkvæmd verkefna stofnunarinnar á sviði brunavarna.

Helstu verkefni samkvæmt lögum um brunavarnir

Brunamálastofnun hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Helstu verkefni stofnunarinnar samkvæmt 5. grein laganna eru að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
- hafa yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaga til að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf,
- sjá um kynningar- og fræðslustarf fyrir almenning og slökkvilið og þá sem vinna við brunahönnun mannvirkja,
- vera byggingaryfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir mannvirkja og brunaöryggi vöru,
- samþykka þjónustu- og eftirlitsaðila brunavarna og brunavarnaáætlanir sveitarfélaga,
- yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísa til stofnunarinnar,
- fylgjast með og eftir atvikum stunda sjálfstæðar rannsóknir á sviði brunavarna og semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða,
- fylgjast með framförum og nýjungum á sviði brunavarna og gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á reglum eftir því sem tilefni gefst til.

Brunamálastofnun ber jafnframt að vinna að samræmingu brunavarna í landinu og stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða.

Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2008, gefin út í júlí 2009

Ábyrgðarmaður: Björn Karlsson

Umsjón og texti: Kristján V. Rúriksson

Umbrot og prentun: Litlaprent

Skipulag og stjórnun

Brunamálastofnun starfar samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn brunamála en Brunamálastofnun er ráðherra til aðstoðar og hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögnum.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til fimm ára í senn. Hann fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar. Hann er ábyrgur fyrir rekstrinum gagnvart ráðherra. Dr. Björn Karlsson hefur verið brunamálastjóri frá 1. janúar 2001. Fastráðnir starfsmenn Brunamálastofnunar voru 11 talsins 31. desember 2008 en auk þess kaupir stofnunin þjónustu sérfræðinga vegna einstakra verkefna.

Umhverfisráðherra skipar brunamálaráð til fjögurra ára í senn. Brunamálaráð er Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar og skal ráðherra leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir samkvæmt lögnum. Brunamálastjóri situr fundi ráðsins. Ráðið er nú þannig skipað:

- Kolbrún Reinholdsdóttir formaður, skipuð af ráðherra
- Gunnar H. Kristjánsson, Brunatæknifélagi Íslands
- Friðrik Bragason, Samtökum fjármálafyrirtækja
- Gestur Pétursson, Samtökum atvinnulífsins
- Dagur B. Eggertsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

- Kristján Einarsson, Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi
- Sverrir Björn Björnsson, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS)

Til þess að ná markmiðum sínum hefur Brunamálastofnun náði samstarf við fjölda aðila sem fjalla um brunavarnir og byggingamála á Norðurlöndunum og ýmsa fagaðila í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar. Helstu samstarfsaðilar innanlands eru:

- Byggingarfulltrúar
- Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
- Félag byggingafulltrúa
- Félag slökkviliðsstjóra
- Flugmálastjórn
- Háskóli Íslands
- Háskólinn í Reykjavík
- LSS
- Ríkislögreglustjórn
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Slökkviliðið
- Tryggingafélögin
- Umhverfisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Verkfræðingar, arkítektar og hönnuðir
- Vinnueftirlitið

Stöndum vörð um meginmarkmið brunavarna



Efnahagshrunið haustið 2008 leiddi til gríðarlegs umróts í íslensku þjóðlífi og hafði mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir einstaklinga, atvinnulífið og opinberan rekstur og enn er alls ekki séð fyrir endann á þeim. Þó er ljóst að áhrifanna mun gæta næstu árin í stjórnsýslu brunamála, bæði hvað varðar starfsemi á vegum ríkisins og í rekstri slökkviliða sveitarfélaganna.

Hagræðing

Brunamálastofnun verður því að leita hagræðingar á ýmsum sviðum. Undanfarin ár hefur stofnunin séð til þess að farið sé í árlega námsferð til brunamálastólana nágrannabjórðanna, en þar eru kjöraðstæður og viðeigandi tækjabúnaður til að sinna framhaldsmenntun stjórnenda slökkviliða. Vegna stöðu gjaldeyrismála er ljóst að á næstu árum verður að sinna þessari framhaldsmenntun hér á landi, þótt annmarkar séu á umgjörð til slíks náms. Einnig er ljóst að nýta verður fjarkennslu í mjög auknum mæli við Brunamálastólann, en slíkt kennsluform mun, til lengri tíma litið, leiða til hagræðingar í rekstri bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Árlega sækja um 300 slökkviliðsmenn grunnnám í skólanum og er mjög mikilvægt að tryggja gæði námsins þrátt fyrir ætlaðar breytingar í kennslutilhögun.

Hjá sveitarfélögum gæti hagræðing og sparnaður meðal annars falist í aukinni samvinnu slökkviliða. Á árinu 2001 störfuðu 63 slökkvilið á Íslandi en fram til ársins 2008 hefur þeim fækkað í 44. Fækkun slökkviliða hefur orðið vegna sameiningar sveitarfélaga en ekki síður vegna aukinnar samvinnu þeirra á sviði brunavarna og stofnunar brunavarnasamlinga víða um land. Með stærri einingum aukast líkur á hagræðingu um leið og eldvarnaeftirlit og útkallsstarf verður öflugra og skilvirkara. Þó skal hafa í huga að hagræðing má aldrei verða á kostnað þess lágmarksöryggis sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum.

Breytingar á starfsemi

Þann 1. apríl 2009 samþykkti Alþingi lög nr. 29/2009 um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Þann 1. júní 2009 kom þessi breyting til framkvæmdar þegar fimm starfsmenn á sviði rafmagnsöryggis fluttust til Brunamálastofnunar.

Þar með hefur Brunamálastofnun yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum, öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka og sinnir hluta af markaðseftirliti raffanga. Auk þess löggildir rafmagnsöryggissvið Brunamálastofnunar rafverktaka, annast skráningu og rannsóknir á slysum og tjóni af völdum rafmagns og gefur út kynningar- og fræðsluefni um rafmagnsöryggi.


Samlegðaráhrif vegna flutnings þessara verkefna eru mikil og jákvæð fyrir báða aðila. Má þar nefna að rafmagnsöryggissviðið rannsakar og gefur árlega út skýrslu um eldsvoða sem eiga upptök sín að rekja til rafmagns og raffanga, en ætla má að um helmingur eldsvoða á Íslandi eigi slík upptök. Rafmagnsöryggissviðið hefur um langt skeið haft yfirumsjón með eftirliti með raforkuveitum og neysluveitum sem byggt er á skoðunarhandbókum og framkvæmt er af faggiltum skoðunarstofum. Æskilegt er að mikill hluti opinbers eftirlits Brunamálastofnunar fari fram á svipaðan hátt. Einnig er gert ráð fyrir slíku fyrirkomulagi byggingareftirlits, en ætlan Umhverfisráðuneytisins hefur lengi verið sú að fela Brunamálastofnun yfirumsjón stjórnsýslu á sviði byggingarmála.

Í ríkisstjórnarsáttmála sem samþykktur var í maí 2009 kemur fram að leggja eigi fram ný skipulags- og mannvirkjalög á Alþingi að höfðu samráði við sveitarfélögin. Þar er lagt til að Brunamálastofnun verði falin veigamikil og nauðsynleg verkefni sem snerta breytingar á stjórnsýslu byggingarmála. Starfsemi Brunamálastofnunar hefur eflst mikið við flutning rafmagnsöryggismála og ef ofangreint frumvarp nær fram að ganga mun starfsemin styrkjast enn frekar. Þó verður að hafa í huga að endurreisn efnahagslífsins er og verður fremsta verkefni stjórnvalda um nokkuð langt skeið og óvíst er hvenær ráðrúm gefst til þess að ráðast í nauðsynlegar breytingar á stjórnsýslu byggingarmála.

Tímabundnar efnahagsþrengingar breyta engu um þau meginmarkmið brunavarna að verja líf, heilsu, umhverfi og eignir almennings og atvinnulífs. Ljóst er að víða verður að hagræða í rekstri ríkis og sveitarfélaga en öllum sem starfa að brunavörnum ber að standa vörð um þessi meginmarkmið. Starfsmenn Brunamálastofnunar líta á þetta verkefni sem verðuga áskorun.

Júlí 2009

Dr. Björn Karlsson
brunamálastjóri



Brunamálastofnun hefur einnig samstarf við fjölmarga aðila á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Um er að ræða systurstofnanir og byggingastofnanir, brunamálaskóla, rannsóknastofnanir og fagfélög.

Brunamálastofnun tekur þátt í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um tæknilegar prófanir og rannsóknir á sviði byggingarmála. Guðmundur Gunnarsson er fulltrúi Brunamálastofnunar í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um sprengihættuefni og forvarnir af ýmsu tagi, Nordex. Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri situr síðan 2002 í stjórn Alþjóðlega brunavísindafélagsins (International Association for Fire Safety Science) og er formaður menntunarnefndar félagsins. Hann er einnig dósent við umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.

Menntun og rannsóknir

Brunamálastofnun tekur þátt í ýmsum rannsóknnum á sviði byggingaverkfræði auk þess að annast kennslu og ráðgjöf við ýmsar stofnanir. Starfsmenn stofnunarinnar hafa unnið að kennslu í brunavörnum við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands, ásamt því að taka þátt í að efla rannsóknir á sviði brunavarna. Meðal verkefna á þessu sviði er að stuðla að stofnun sérstaks rannsóknasviðs í brunavörnum við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands en þar varði Dr. Georges Guigay einmitt doktorsritgerð sína á sviði brunavarna þann 5. september 2008. Rannsókn Dr. Guigay var unnin í samvinnu Brunamálastofnunar, umhverfis- og byggingarverkfræðideildar Háskóla Íslands og háskóla í sex öðrum Evrópulöndum og var kostuð af Evrópusambandinu. Doktorsritgerðin ber heitið "A CFD and Experimental Investigation of Under-Ventilated Fires" (Tölvuhermun og tilraunir með súrefnislítinn eld) og voru andmælendur Dr. Patrick van Hees, prófessor við Háskólann í Lundi, Svíþjóð og Dr. Halldór Pálsson dósent við Verkfræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinendur voru Björn Karlsson brunamálastjóri og Jónas Elíasson prófessor við Verkfræðideild Háskóla Íslands. Nefna má að þetta er í fyrsta sinn sem umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands útskrifar doktor í verkfræði.

Breytingar á löggjöf

Í lok ársins 2008 voru samþykkt lög nr. 166/2008 um breytingar á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, en þau lög voru einkum sett vegna væntanlegrar olíuleitar og olíuvinnslu á Drekasvæðinu, austur af Íslandi. Þar er Brunamálastofnun falið að sinna eldvarnar- eftirliti og setja reglur um öryggismat og hlutverk slökkviliða vegna eld- eða sprengihættu.

Þann 1. apríl 2009 samþykkti Alþingi lög nr. 29/2009, um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu hluta eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Lögin byggja á samkomulagi Umhverfisráðuneytis og Viðskiptaráðuneytis um að færa rafmagnsöryggisvið Neytendastofu til Brunamálastofnunar og þar með yfirstjórn málaflokksins frá Viðskiptaráðuneyti til Umhverfisráðuneytis. Flutningurinn hefur engin áhrif á framkvæmd málaflokksins eða rafmagnseftirlit af nokkru tagi nema hvað hluta markaðseftirlits með rafföngum, þ.e. eftirlit með þeim rafföngum sem flokkast gætu sem „neytendarafföng“, verður áfram sinnt af Neytendastofu. Flutningur þeirra starfsmanna sem sinnt hafa þessum málaflökki, frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar átti sér stað 1. júní 2009.

Brunavarnaáætlanir

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem Brunamálastofnun og sveitarstjórnir á starfssvæðinu hafa samþykkt. Árið 2008 bættust við sex nýjar brunavarnaáætlanir. Í lok árs 2008 höfðu 30 brunavarnaáætlanir verið samþykktar af Brunamálastofnun og viðkomandi sveitarfélögum. Enn eiga 18 slökkvilið eftir að fá brunavarnaáætlun samþykkt en verið er að vinna að gerð þeirra hjá flestum þessara 18 slökkviliða. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því er falið skv. þeim lögum og reglugerðum sem gilda. Komið er að endurskoðun þeirra áætlana sem fyrst voru samþykktar en slík endurskoðun skal fara fram á 5 ára fresti.

Eldvarnaeftirlit

Á árinu var unnið að endurgerð gagnagrunns vegna eldvarnaeftirlits sem nefnist ERPUR. Af 44 slökkviliðum sveitarfélaga hafa 34 slökkvilið tekið forritið í notkun og eru flest þeirra farin að skrá allar eldvarnaskoðanir í þetta forrit. Brunamálastofnun skoðaði 15 byggingar á árinu og veitti slökkviliðum aðstoð eftir þörfum.

Ný vopn gegn gróðureldum

Breytt veðurfar, breytt gróðurfar, breytingar í landbúnaði og loftslagsbreytingar undanfarna áratugi hafa orðið til þess að búast má við aukinni tíðni stórra gróðurelda á Íslandi. Vorið 2006 urðu til dæmis gríðarlega umfangsmiklir gróðureldar á Mýrum í Borgarbyggð, en alls brunnu um 67 km² lands í þeim gróðureldum. Því er mikilvægt að byggja upp þekkingu á gróðureldum og slökkvistarfi vegna þeirra. Af því tilefni ákvað Brunamálastofnun, í samvinnu við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, að vinna kennslu- og fræðsluefni um gróðurelda fyrir viðbragðsaðila og ýmsa hagsmunaaðila. Bókin, sem er rúmlega 100 síður og hefur hlotið nafnið "Gróðureldar", kom út í maí 2009. Einnig hafa verið haldnar sameiginlegar æfingar þylusveitar Landhelgisgæslunnar og slökkviliða þar sem æfð hefur verið notkun 2.000 lítra fötu sem keypt var til nota við gróðurelda. Þar með hefur viðbúnaður vegna gróðurelda aukist nokkuð hér á landi, þó ýmislegt vanti enn hvað varðar forvarnir og skipulagsvinnu vegna svæða sem viðkvæm eru vegna gróðurelda.



Fræðslusjóður

Úthlutað var 3,4 milljónum úr fræðslusjóði árið 2008 í eftirfarandi verkefni:

- Námskeið fyrir stjórnendur slökkviliða í aðgerðum við eldsvoða í göngum 3.000.000 kr.
- Námskeið á NFPA World Safety Conference and exposition 100.000 kr.
- Þróun kennsluefnis um notkun körfubíreiða slökkviliða 300.000 kr.

Alls fóru 27 þátttakendur með fararstjóra til IF Sikkerhetssenter í Noregi þar sem haldið var námskeið í aðgerðum við eldsvoða í jarðgöngum. Einstök aðstaða er hjá IF Sikkerhetssenter fyrir slík námskeið en þar eru jarðgöng sem eldur er kveiktur í við kennsluna.

Eldsvoðar í landbúnaðarbyggingum

Eldsvoðar í landbúnaðarbyggingum hafa verið árberandi undanfarin ár. Árið 2007 varð eldsvoði á Stærri Árskógi þar fórust 200 nautgripir og 120 á bænum Vestra Fíflholti árið 2008. Til viðbótar þessu fórust um 4000 alifuglar í eldi á Ásmundarstöðum árið 2008. Eignatjón hefur aukist nokkuð vegna eldsvoða í landbúnaði, en auk bygginga eru mikil verðmæti bundin í mjaltavélum og öðrum tækjabúnaði.


Aukning eldsvoða í landbúnaðarbyggingum virðist að einhverju leiti vera hægt að rekja til mikilla breytinga í atvinnuháttum. Byggingar eru nýttar á annan hátt en áður sem stundum hefur í för með sér meiri hættu á eldsvoðum, sérstaklega þar sem opið er milli hlöðu og gripahúss, en þar eiga að vera eldtraust skil.

Eins er efnisval á klæðningum innanhúss ábótavant í einhverjum tilfellum. Flesta stóra eldsvoða í landbúnaðarbyggingum má rekja til rafmagns og er ástæða til að hvetja bændur til mikillar varkárni hvað það varðar.

Til að stemma stigu við þessari þróun hefur Brunamálastofnun haldið fundi um málið með Félagi byggingarfulltrúa og Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi, jafnframt sem ráðstefna um lagnamál í landbúnaði var haldin á Hvanneyri í samvinnu við Bændasamtökin. Einnig hefur Bændablaðið birt umfjallanir um brunavarnir í landbúnaðarbyggingum undanfarin misseri. Ljóst er að leggja verður meiri áherslu á fyrirbyggjandi brunavarnir í landbúnaðarbyggingum.



Slökkviliðin í landinu



Slökkvilið

(Útkalsnúmer)

Slökkviliðsstjóri

1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	(10201)	Jón Viðar Matthíasson
2. Slökkvilið Akraness	(20201)	Práinn Ólafsson
3. Slökkvilið Borgarbyggðar	(30205)	Bjarni K. Þorsteinsson
4. Slökkvilið Snæfellsbæjar	(40203)	Svanur Tómasson
5. Slökkvilið Grundarfjarðar	(40202)	Valgeir Magnússon
6. Slökkvilið Stykkishólms	(40201)	Þorbergur Bæringsson
7. Slökkvilið Dalabyggðar	(50201)	Jóhannes Hauksson
8. Slökkvilið Reykhólahrepps	(60202)	Guðmundur Ólafsson
9. Brunavarnir Vesturbyggðar	(60201)	Davíð R. Gunnarsson
10. Slökkvilið Tálknafjarðar	(60203)	Davíð R. Gunnarsson
11. Slökkvilið Bolungarvíkur	(70201)	Ólafur Þ. Benediktsson
12. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	(80201)	Þorbjörn Sveinsson
13. Slökkvilið Súðavíkurhrepps	(80205)	Hlynur B. Karlsson
14. Slökkvilið Strandabyggðar	(90201)	Einar Indriðason
15. Slökkvilið Kaldrananeshrepps	(90203)	Tryggvi Ólafsson
16. Slökkvilið Bæjarhrepps	(90202)	Heiðar Þór Gunnarsson
17. Slökkvilið Vestur-Húnavatnssýslu	(100202)	Pétur R. Arnarsson
18. Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu	(100201)	Andrés Leifsson
19. Slökkvilið Skagastrandar	(100203)	Hafsteinn Pálsson
20. Brunavarnir Skagafjarðar	(110201)	Vernharð Guðnason
21. Slökkvilið Fjallabyggðar	(120201)	Ámundi Gunnarsson
22. Slökkvilið Dalvíkur	(140202)	Sigurður Jónsson

Slökkvilið

(Útkalsnúmer)

Slökkviliðsstjóri

23. Slökkvilið Akureyrar	(140201)	Þorbjörn Haraldsson
24. Slökkvilið Grenivíkur	(140204)	Guðni Sigþórsson
25. Slökkvilið Þingeyjarsveitar	(150208)	Kristján Snæbjörnsson
26. Slökkvilið Norðurbings	(150201)	Jón Á. Salómonsson
27. Slökkvilið Skútustaðahrepps	(150206)	Stefán Gunnarsson
28. Slökkvilið Langanesbyggðar	(160203)	Axel Gunnarsson
29. Brunavarnir á Austurlandi	(160202)	Baldur Pálsson
30. Slökkvilið Fjarðarbyggðar	(170201)	Guðmundur H. Sigfússon
31. Slökkvilið Breiðdalsvíkur	(180205)	Sigurður Elísson
32. Brunavarnir A-Skaftafellssýslu	(190201)	Steinþór Hafsteinsson
33. Slökkvilið Skaftárhrepps	(200202)	Hilmar Gunnarsson
34. Slökkvilið Mýrdalshrepps	(200201)	Ívar Páll Bjartmarsson
35. Slökkvilið Vestmannaeyja	(220201)	Ragnar Baldvinsson
36. Slökkvilið Rangárvallasýslu	(210201)	Böðvar Bjarnason
37. Slökkvilið Flúðum	(230204)	Jóhann Marelsson
38. Brunavarnir Árnessýslu	(230208)	Kristján Einarsson
39. Slökkvilið sveitarfélagsins Ölfus	(230209)	Guðni Þór Ágústsson
40. Slökkvilið Hveragerðis	(230202)	Snorri Baldursson
41. Slökkvilið Grindavíkur	(240202)	Ásmundur Jónsson
42. Slökkvilið Sandgerðis	(240203)	Sveinn Einarsson
43. Slökkvilið Keflavíkurflugvallar	(250201)	Ólafur Ásmundsson
44. Brunavarnir Suðurnesja	(240201)	Jón Guðlaugsson

Útkallsskýrslugrunnurinn

Brunamálstofnun rekur útkallsskýrslugrunn en tilgangur hans er að safna saman upplýsingum um útköll slökkviliðanna á samræmdan hátt. Með því er hægt að vinna tölfraeðilegar upplýsingar um störf slökkviliðanna sem slökkviliðin geta síðan nýtt sér til að skipuleggja störf sín og þannig bætt þjónustu sína við almenning.


Árið 2008 voru skráð 1.797 útköll sem er svipað og árið áður. SHS var skráð með 1.445 útköll samkvæmt gögnum Brunamálstofnunar sem er aukning um rúmlega 11% frá árinu 2007.

Brunamálaskólinn

Hlutverk Brunamálaskólans er að veita slökkviliðsmönnum og eldvarnaeftirlitsmönnum um allt land þá menntun, starfsþjálfun og endurmenntun sem nauðsynleg er vegna starfa þeirra. Skólaráð er Brunamálstofnun til ráðgjafar um málefni og rekstur skólans. Ráðið ber ábyrgð á starfsemi skólans gagnvart brunamálstjóra en skólastjóri annast daglegan rekstur. Skólaráð er þannig skipað:

- Trausti Þorsteinsson, formaður
- Jónmundur Guðmarsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Sverrir Björn Björnsson, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Skipting fjölda þátttakenda milli stjórnenda, slökkviliðsmanna og eldvarnaeftirlitsmanna



Brunamálaskólinn fékk fast aðsetur árið 2007 og hefur gengið mjög vel að byggja upp aðstöðuna og hafa öll námskeið á vegum skólans, sem ekki eru haldin heima í héraði, verið haldin þar síðustu misserin.

Haldin voru 15 námskeið á árinu fyrir 171 hlutastarfandi slökkviliðsmenn en sjá má skiptingu þeirra og fjölda þátttakenda í eftirfarandi töflu hér að neðan:

Níu slökkviliðsmenn sátu fyrri hluta námskeið fyrir atvinnuslökkviliðsmenn hjá Brunamálaskólanum og 25 sátu námskeið sem haldið var á vegum SHS og Slökkviliðs Fjarðarbyggðar.


Haldin voru 3 námskeið fyrir stjórnendur slökkviliða en alls voru þátttakendur 63 auk námskeiðs fyrir eldvarnaeftirlitsmenn sem 22 tóku þátt í. Brunamálaskólinn hélt einnig námskeið fyrir þjónustuaðila handslökkvitækja og sátu 13 aðilar það námskeið.

Þátttakendur á námskeiðum eru beðnir að meta námskeiðið á þar til gerðum eyðublaðum. Niðurstöður sýna að almenn ánægja ríkir með þá þætti sem metnir eru.

	Heildarfjöldi námskeiða af sömu gerð	Heildarfjöldi þátttakenda
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 1	3	31
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 2 f.hl.	3	36
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 2 s.hl.	2	23
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 3	3	36
Námskeið f. hlutastarfandi slökkviliðsmenn 4	4	45

Fjöldi þátttakenda á námskeiðum Brunamálaskólans

■ Heildarfjöldi námskeiða af sömu gerð ■ Heildarfjöldi þátttakenda



Slökkviliðin endurnýja bílaflofan

- Brunavarnir Árnessýslu keyptu slökkvibifreið af gerðinni Renault Kerax 450.19 4x4. 4.500 mm og er með 4.000 l. vatnstank, 200 l. froðutank og 4000 l/min há- og lágþrýstri Ruberg brunadælu. Bifreiðin var flutt inn af Ólafi Gíslasyni og Co hf.
- Brunavarnir Suðurnesja keyptu Scania 113H, 320 árgæð 1996 sem er körfubifreið með 32 m lyftihæð en hún var áður staðsett í Svíþjóð.
- Slökkvilið Akranes keypti Ford F 450 árgæð 2007 með One-seven slökkvikerfi, 1.000 lítra vatnstanki, 60 lítra og 40 lítra froðutönkum og 600 l/mín Darley brunadælu. Bifreiðin var keypt af SUT á Selfossi.
- Slökkvilið Dalabyggðar keypti Ford F 450 árgæð 2007 með One-seven slökkvikerfi, 1.000 lítra vatnstanki, 60 lítra og 40 lítra froðutönkum og 600 l/mín Darley brunadælu. Bifreiðin var keypt af SUT á Selfossi.
- Slökkvilið Ísafjarðarbæjar keypti Volvo F6, árgæð 1983 sem er körfubifreið með 22 m lyftihæð. Bifreiðin var áður hjá Brunavörnum Suðurnesja.
- Slökkvilið Langanesbyggðar keypti slökkvibifreið af gerðinni Renault Midlum 280.14 4 x 4. ARR/TLF 3000/200 og er með 3.000 l. vatnstank, 200 l. froðutank og 3000 l/min há- og lágþrýstri Ruberg brunadælu. Bifreiðin var flutt inn af Ólafi Gíslasyni og Co hf.
- Slökkvilið Mýrdalshrepps keypti MAN 19.403 FAK gerð með 400 hestafla vél, árgæð 1999 með 6.000 l vatnstanki. Bifreiðin var áður hjá SHS.
- Slökkvilið Snæfellsbæjar keypti slökkvibifreið af gerðinni Scania P380 4x4 4000/200, með 4.000 l. vatnstank, 200 l. froðutank og 4000 l/min há- og lágþrýstri Ruberg brunadælu. Bifreiðin var flutt inn af Ólafi Gíslasyni og Co hf.



Eignatjón undir meðallagi

Brunamálastofnun hefur um árabil tekið saman upplýsingar um mann- og eignatjón vegna eldsvoða hérlendis, borið þessar upplýsingar saman milli ára og yfir lengri tímabil og sett þær í þjóðhagslegt samhengi. Jafnframt hefur stofnunin fylgst náið með stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd. Öflugar brunavarnir stuðla að auknum lífsgæðum. Það er flestum þjóðum því mikið keppikefli að halda tjóni vegna eldsvoða í lágmarki.

Eignatjón varð 1.400 milljónir króna árið 2008 en árlegt meðaltjón frá árinu 1981 hefur verið 1.488 milljónir króna á verðlagi í júlí 2008. Umtalsverð lækkun á brunatjóni er á milli ára en brunatjón árið 2007 á verðlagi 2008 var 1.858 milljónir króna. Ef eignatjón árið 2008 er borið saman við verga landsframleiðslu kemur í ljós að það er 0,10% af VLF meðan meðaltalið er 0,15% á árunum 1981 til 2008.


Fjórir létust í eldsvoðum

Fjórir létust í eldsvoðum árið 2008 sem er mesta manntjón í 20 ár en árið 1988 létust einnig 4 í eldsvoðum. Borið saman við dánartíðni á hinum norðurlöndunum, sem er á bilinu 1,25 til 2,06 fyrir hverja 100 þús íbúa er Ísland með næstlægstu dánartíðnina, 1,28. Einungis Svíþjóð er með lægri dánartíðni, 1,25, á síðasta ári. Frá árinu 1979 hafa látist 55 manns eða 0,71 fyrir hverja 100 þús íbúa á Íslandi. Tölur Brunamálastofnunar um manntjón frá árinu 1979 sýna meðal annars eftirfarandi:


- Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem hafa látist eða um þrjár af hverjum fjórum.
- Karlar á sextugsaldri eru stærsti einstaki hópur látinna
- Flestir hafa látist í janúar (12) en færstir í júní (1). Nær fjórðungur lést á laugardegi.
- Mikill meirihluti (87%) lést af völdum eldsvoða í íbúðarhúsnæði.

Bætt brunatjón 1981-2008 á verðlagi í júlí 2008


Milljónir króna – meðaltal 1.488 milljónir



Banaslys í eldsvoðum 1979-2008




Hlutfallsleg tíðni banaslysa í brunum eftir aldri á árabílinu 1979-2008



Hér sést að líkur á því að fólk yfir fimmtugt farist í bruna eru tvöfalt meiri og fólk yfir nírrætt er meira en fimmfalt líklegra að farast en þeir sem eru yngri en fimmtugir.

Tjón vegna bruna sem hlutfall af brunabóta- og fasteignamati og VLF



Myndin sýnir að tjón sem hlutfall af brunabóta- og fasteignamati hefur farið lækkandi sl. áratug. Tjónaupphæðin innifelur einnig lausafé.

The Iceland Fire Authority

The Iceland Fire Authority is an institute of knowledge, coordination, supervision and administration, working with and for the central public authorities, the fire brigades, the general public and other interested parties, on consultation, supervision, and reforms in the field of fire protection. The Authority represents Iceland in international collaboration in the field of fire protection.

Diverse tasks in accordance with the law

The Iceland Fire Authority operates in accordance with the new laws on fire protection, introduced at the beginning of 2001. The principal tasks of the Authority are:

- to supervise the implementation of the laws, and of the regulations set forth thereby;
- to supervise fire protection inspections and fire fighting in local communities, to ensure coordinated supervision and effective fire fighting;
- to attend to the introduction and instruction of the general public and of fire brigades and of those who work on designing buildings for fire safety;
- to offer advice to building authorities on fire protection in buildings and on the fire safety of merchandise;
- to approve service and inspection parties for fire protection, and for the fire protection plans of local authorities;
- to check the fire safety design for new buildings, extensions and alterations of structures, which the fire chief or local building authority refers to the institute,
- to monitor and, depending on circumstances, to conduct independent research in the field of fire protection, along with writing an annual report on the causes and effects of fires,
- to monitor advancements and innovations in the field of fire protection and make proposals to the Ministry on changes of regulations, as occasion demands.

The Iceland Fire Authority is at the same time obliged to work on the coordination of fire protection in Iceland and to promote co-operation between those who work on fire protection. The Authority shall, with independent observations and appraisals, instruct local authorities on the requirements for fire protection inspections and fire brigades.

Administration of the Authority

The Minister for the Environment is in charge of fire protection affairs. The Minister appoints the Director of the Iceland Fire Authority who handles the daily management and operation of the Authority.

Dr. Björn Karlsson has been director of Icelandic Fire Authority since 1.1.2001 with a staff of 11 employees.

An advisory council for Icelandic Fire Authority is appointed by the Minister for a period of four years. In the council, major stakeholders in affairs pertaining to fire protection are represented such as Associations of Fire Fighters and Fire Chiefs, Association of Local Authorities, Insurance Companies and the Confederation of Icelandic Employers. Kolbrún Reinholdsdóttir was appointed chairman of the council by the Minister in 2007.

Iceland Fire Authority is an authority responsible for work related to public safety and emergency management. Our work is carried out in close cooperation with the local authorities that are responsible for Fire Services and Fire Inspection as well as enforcing the building regulations. The Fire Service Technical College is a part of the Authority and oversees the education of Fire Fighters, Fire Officers and Fire Inspectors.



Ársreikningur 2008

Rekstrarreikningur árið 2008

	2008	2007
Tekjur		
Brunavarnargjald	264.788.793	236.485.260
Ýmsar tekjur	16.647.201	11.295.325
	<u>281.435.994</u>	<u>247.780.585</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	82.712.924	70.733.323
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4.912.625	6.555.523
Funda- og ferðakostnaður	10.905.810	10.921.613
Aðkeypt sérfræðipjónusta	12.601.159	22.650.125
Rekstur tækja og áhalda	2.577.760	3.563.346
Annar rekstrarkostnaður	3.306.700	3.876.980
Húsnæðiskostnaður	26.497.109	25.330.711
Bifreiðarekstur	2.332.770	2.613.296
Tilfærslur	3.991.654	70.566.843
	<u>149.838.511</u>	<u>216.811.760</u>
Eignakaup	2.136.774	1.705.975
	<u>151.975.285</u>	<u>218.517.735</u>
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur	129.460.709	29.262.850
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	22.905	(24.468)
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	<u>129.483.614</u>	<u>29.238.382</u>
Ríkisframlag	<u>3.700.000</u>	<u>0</u>
Tekjuafgangur ársins	<u><u>133.183.614</u></u>	<u><u>29.238.382</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	2008	2007
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	428.024.183	379.048.429
Viðskiptakröfur	74.812.247	39.515.038
Handbært fé	57.509	4.485.719
Eignir alls	<u>552.893.939</u>	<u>423.049.186</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
<i>Höfuðstóll:</i>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	463.423	87.610.301
Flutt á annað eigið fé	(140.688.793)	(116.385.260)
Tekjuafgangur ársins	133.183.614	29.238.382
Höfuðstóll	<u>(7.041.756)</u>	<u>463.423</u>
<i>Annað eigið fé:</i>		
Bundið eigið fé	556.121.842	415.433.049
Annað eigið fé	<u>556.121.842</u>	<u>415.433.049</u>
Eigið fé	<u>549.080.086</u>	<u>415.896.472</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	3.813.853	7.152.714
Skuldir	<u>3.813.853</u>	<u>7.152.714</u>
Eigið fé og skuldir	<u><u>552.893.939</u></u>	<u><u>423.049.186</u></u>

Sjóðstreymi árið 2008

	2008	2007
Rekstrarhreyfingar		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur ársins	133.183.614	29.238.382
Veltufé frá rekstri	<u>133.183.614</u>	<u>29.238.382</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)	(35.297.209)	(8.186.391)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun	(3.338.861)	2.233.989
	<u>(38.636.070)</u>	<u>(5.952.402)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>94.547.544</u>	<u>23.285.980</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>		
Greitt úr ríkissjóði	(95.275.754)	(23.349.438)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(98.975.754)</u>	<u>(23.349.438)</u>
Hækkun á handbæru fé	<u>(4.428.210)</u>	<u>(63.458)</u>
Handbært fé í ársbyrjun	<u>4.485.719</u>	<u>4.549.177</u>
Handbært fé í lok ársins	<u><u>57.509</u></u>	<u><u>4.485.719</u></u>

Áritun endurskoðenda

Til Brunamálastofnunar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Brunamálastofnunar fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Brunamálastofnunar á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, maí 2009

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Líf, heilsa,
umhverfi og eignir

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggispáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hafa meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.